

Alþingi
Erindi nr. Þ 139/2683
komudagur 23.S. 2011



Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegs- og iandbúnaðarnefnd
b/t Benedikts S. Benediktssonar
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. maí 2011.

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins (741. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér niðurfellingu greiðslumiðlunargjalds og upptöku framlags til hagsmunasamtaka útgerðarmanna.

Viðskiptaráð Íslands fagnar að hluta þeim breytingum sem frumvarpið felur í sér en hefði þó viljað að gengið væri lengra. Ofangreint frumvarp felur í sér þær breytingar að núverandi greiðslumiðun verður aflögð, en gjaldi vegna þessa hefur verið skipt á milli lífeyrissjóðs sjómanna, til greiðslu iðgjalda af slysa- og örorkutryggingu og til Landssambands smábátæigenda (LS). Frumvarpið mælir hins vegar einnig fyrir um innheimtu félagsgjalds til hagsmunasamtaka smábátæigenda. Eftir breytingar yrði því framleiðendum sjávarafurða og öðrum fiskkaupendum skylt að greiða 0,5% hlutfall af samanlögðu verðmæti afla af bátum undir vissri stærða, sem þess óska, inn á reikning LS eða sambærilegra félaga.

Sú breyting sem er gerð á lögnum með ofangreindu frumvarpi er því aðeins í raun sú að fellt er niður hluti gjaldsins er snéri að lífeyrisgreiðsium og iðgjaldi af slysa- og örorkutryggingum, en sá hluti sem hefur verið félagsgjald til LS heldur gildi sínu í breyttri mynd. Forsögu þessa máls má rekja til málshöfðunar vegna þess, sem nánar er fjallað um í greinargerð með frumvarpinu, þó lengi hafi þetta fyrirkomulag verið gagnrýnt t.d. af bæði LÍÚ og stéttarfélögum. Með ofangreindu frumvarpi er því ekki um grundvallarbreytingu á fyrra kerfi að ræða heldur er aðeins verið að breyta forminu og gjaldið gert valkvætt.


Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að LS hafi lagt áherslu á í vinnu frumvarpsins að samhliða afnámi greiðslumiðlunar yrði tryggður starfsgrundvöllur sambandsins og þar með félagsgreiðslur til þeirra. Einnig hefur LS ályktað á fundum sínum að greiðslumiðlun verði aflögð í sinni mynd þannig að hluti gjaldsins vegna lífeyrissjóðs og trygginga verði afnuminn en sá hluti er snýr að félagsgjaldi til sambandsins haldi gildi sínu. Í sjálfu sér er mikilvægi LS ekki dregið í efa né þeirra verk, hins vegar verður að gagnrýna harðlega það að innheimta félagsgjalda fyrir sambandið sé framkvæmt með þeim hætti sem hefur verið og hér er mælt fyrir um.

Ekki fer mikið fyrir rökfærslu fyrir ríkisinnheimtu félagsgjalda hagsmunasamtaka í greinargerð með frumvarpinu en í almennum athugasemdum um 2. Gr. frumvarpsins kemur þó eftirfarandi fram: *Réttlætting þessa [innheimta framlags til LS] er það mikilsverða starfs sem Landssamband smábátæigenda hefur unnið á síðustu árum. Ef þessi rök ættu að halda þá væri réttlætlanlegt fyrir ansi mörg hagsmunasamtök að fara fram á álíka innheimtu félagsgjalda og hér er mælt fyrir um. Varla*

geta það talist fullnægjandi rök fyrir innheimtu gjaldanna að félagið hafi skilað góðu starfi, krefjast verður betri rökfærslu annars fara fram á að LS innheimti sín félagsgjöld sjálf eins og önnur hagsmunasamtök.

Viðskiptaráð leggur til að 1. gr. frumvarpsins nái fram að ganga en að 2. gr. þess verði felld niður og aðrar greinar þess breytist því til samræmis.

Virðingarfyllst,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands